

# Fundargerð aðalfundar vEDSis sjúklingasamtaka

Aðalfundur vEDSis 3. feb. 2020

Fundarstaður: Salur Sjálfsbjargar, Hátún 12, 105 Reykjavík

## Fundarstörf:

Aðalfundur vEDSis var haldinn mánudaginn 5. febrúar 2020 kl. 20 í Sal Sjálfsbjargar. 16 fundargestir voru mættir, um það bil helmingur í fyrsta skipti.

Fundinn sátu:

Linda Berry, Jónas Ævarr Jónasson, Borghildur Kristín Magnúsdóttir, Sveinbjörn E.Y. Gestsson, Guðlaug Kristín Birgisdóttir, Helgi Þór Kristjánsson, Raket Hanna Magnúsdóttir, Guðbjörg Lára Magnúsdóttir, Kristín Marteinsdóttir, Guðbjörg Sigþórsdóttir, Guðni Gunnarsson, Sigþór Marteinsson, Edda Rún Jónsdóttir, Sverrir Guðmundsson, Elfa Dögg Marteinsdóttir, Magnús Haraldsson.

## 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Jónas Ævarr Jónasson sá um fundarritun, Borghildur Magnúsdóttir um fundarstjórn.

## 2. Skýrsla stjórnar lögð fram

Borghildur flutti skýrslu stjórnar þar sem rakin var í grófum dráttum saga félagsins frá stofnun árið 2018 til loka árs 2019.

## 3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Farið var yfir fjárhag félagsins, kostnað á síðastliðnum tveimur árum og væntanlegra kostnaðarliði vegna ársins 2020.

## 4. Ákvörðun félagsgjalds

Samþykkt var að til að gerast fullgildur félagsmaður þarf viðkomandi einstaklingur að hafa náð 18 ára aldri og vera með vEDS greiningu. Maki/sambúðaraðili einstaklings með vEDS greiningu, foreldri eða forráðamaður einstaklings með vEDS greiningu sem ekki hefur náð 18 ára aldri getur einnig orðið fullgildur félagsmaður.

Aðili sem uppfyllir ekki þessi skilyrði en vill ganga í félagið getu sótt um að vera styrktaraðili. Styrktaraðila er velkomið að mæta á alla fundi en hefur ekki kosningarrétt varðandi mál félagsins.

Samþykkt var að félagsgjald vegna ársins 2020 skulu vera kr. 5.000,- á hvern félagsmann (10.000 kr. á hjón) og félagsgjald fyrir hvern styrktaraðila kr. 2.500,-.

## 5. Lagabreytingar

Lagðar voru fram breytingatillögur á 5. og 7. gr. Voru þær samþykktar með handauppréttingu.

Breytingar verða með eftirfarandi hætti:

5. gr.

*Lagagreinin eins og hún var í upphafi:*

“Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur á aðalfundi.”

*Lagagreinin eins og hún verður eftir breytingar:*

“Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Félagsmenn og styrktaraðilar mega vera þátttakendur á aðalfundi. Einungis félagsmenn hafa kosningarétt. “

7. gr.

*Lagagreinin eins og hún var í upphafi:*

Stjórn félagsins skal skipuð 3 félagsmönnum, formanni og 2 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa allt að 3 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

*Lagagreinin eins og hún verður eftir breytingar:*

Formann og gjaldkera skal kjósa á sitthvoru árinu til tveggja ára í senn, formaður á sléttum tölum og gjaldkeri á odda tölum. Einn meðstjórnandi skal kosinn með formanni og einn með gjaldkera.

Bráðabirgðaákvæði: Gjaldkeri ásamt einum meðstjórnanda verður kosinn til eins árs árið 2020.

Gjaldkeri getur boðið sig fram til tveggja ára til viðbótar en getur einungis starfað í fjögur ár samfellt.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

## 6. Kosning stjórnar

Kosning nýrrar stjórnar fór fram með handauppréttingum.

Borghildur Magnúsdóttir bauð sig fram og var kosin formaður stjórnar. Borghildur lýkur störfum sem gjaldkeri.

Rakel Hanna Magnúsdóttir bauð sig fram sem gjaldkera. Hún hlaut kosningu og mun starfa samkvæmt bráðabirgðaákvæði vegna ársins 2020.

Linda Berry bauð sig fram sem meðstjórnandi og hlaut kosningu. Hún mun taka að sér umsjón heimasíðu. Linda lýkur störfum sem formaður.

Sigpór Marteinson bauð sig fram sem meðstjórnandi og hlaut kosningu. Sigpór mun taka að sér að vera skoðunarmaður reikninga vegna ársins 2020.

Kristín Marteinsdóttir lýkur störfum sem stjórnarmaður.

## 7. Önnur mál:

Farið var yfir þær umræður sem settar voru upp í fundarboði:

- a) *Umræður: Hvað viljum við að þessi samtök geri fyrir okkur?*
- b) *Þróun heimasíðunnar, skref á ári 2020*
- c) *Óformlegir fundir á ári 2020 (grillpartý í sumar)*
- d) *Efla tengsl við önnur v-eds samtök erlendis, Skandinavía*

Voru umræður almennar og engar ákvarðanir teknar aðrar en þær að stefna að því að vera með grill í sumar og efla tengslin við önnur samtök.

**Fundi slitið kl. 21:50**